

Sorpa bs.
Köllunarklettsvegur
104 Reykjavík

Reykjavík, 21. desember 2023
UST202312-045/S.A.J.
08.14.01

Efni: Bráðabirgðaheimild - breyting á starfsleyfi urðunarstaðar í Álfsnesi

Vísað er til erindis SORPU bs. til Umhverfisstofnunar, dags. 5.12.2023, þar sem sótt er um bráðabirgðaheimild fyrir áframhaldandi urðun í Álfsnesi, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fram kemur í erindinu að þó útflutningur á brennanlegum úrgangi sé hafin, ásamt sérsöfnun á lífrænum úrgangi sem skilað er í Gas- og jarðgerðarstöð SORPU gegni urðunarstaður SORPU bs. í Álfsnesi þó enn sem komið er mikilvægu hlutverki í úrgangsmeðhöndlun á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem ekki hefur fundist arftaki fyrir þá urðunarþörf sem en er til staðar hefur óhjákvæmilega komið til frestunar á lokun urðunarstaðarins í Álfsnesi.

Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfisstofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir lög þessi, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfseminni. Umhverfisstofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Heyri starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matsskyldu hennar.

Í ljósi framangreinds, þess að fram er komin fullnægjandi umsókn um breytingu á starfsleyfi og í samræmi við 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, fellst Umhverfisstofnun á að veita SORPU bs. kt. 510588-1189 bráðabirgðaheimild vegna áframhaldandi urðunar úrgangs í Álfsnesi en í núgildandi starfsleyfi kemur fram að urðun er aðeins heimild til loka árs 2023. Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfinu hefur verið breytt en þó eigi lengur en til 21.12.2024.

Bráðabirgðaheimildin er bundin eftirfarandi skilyrðum

1. SORPA ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu, þar á meðal má nefna ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

2. Haga skal starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
3. Heimilt er að urða allt að 38.000 tonn af úrgangi á ári í samræmi við I. lið í grein 1.2 í núgildandi starfsleyfi að undanskildum lyktarsterkum og lífrænum úrgangi sem ekki má urða ásamt því að ekki er heimilt að urða baggaðan/blandaðan úrgang.
2. Urðunin skal vera í samræmi við skilyrði í starfsleyfi SORPU í Álfsnesi ásamt því er fylgja skal uppfærðu eigendasamkomulagi SORPU. Sé misræmi á milli starfsleyfis SORPU og eigendasamkomulagsins þá gildir eigendasamkomulagið.

Umhverfisstofnun fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með starfseminni. Rekstraraðili ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber fyrirtækinu að fylgja fyrirmælum stofnunarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun getur beitt úrræðum skv. XVII. og XIX. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum bráðabirgðaheimildarinnar.

Umhverfisstofnun mun birta bráðabirgðaheimild þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar. Heimild þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 21. desember 2024. Komi í ljós þörf á að fá bráðabirgðaheimildina framlengda skal sækja um tímanlega eða eigi síðar en mánuði áður en heimildin rennur út.

Umhverfisstofnun er heimilt að afturkalla heimild til urðunar ef samningar nást um nýtingu SORPU á urðunarstað á forræði annarra sorpsamlaga sem mætir urðunarþörf höfuðborgarsvæðisins með þeim takmörkum sem henni eru sett í eigendasamkomulaginu eða ef nýr urðunarstaður á forræði SORPU verður tekinn í rekstur. Umhverfisstofnun er jafnframt heimilt að afturkalla starfsleyfið á grundvelli stjórnsýslulaga og ólögfesta meginreglna stjórnsýsluréttarins, svo og ef mælt er fyrir um afturköllunarástæður í lögum.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um veitingu bráðabirgðaheimildar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagssetningu þessa bréfs, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri